



Suðurgötu  
101 Reykjavík  
Sími 91-694300

Menntamálanefnd Alþingis  
Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður  
b.t. Þorsteins Magnússonar  
Alþingi v/Austurvöll  
150 Reykjavík

*Alþingi*

*Erindi nr. D 115 / 727*

*komudagur 23 / 3 1992*

Reykjavík, 18. mars.1992.

Vísað er til bréfs dags. 3. mars 1992 og álitserðar um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem Þorsteinn Vilhjálmsson, formaður Kennslumálanefndar háskólaráðs samdi og send var 3. mars s.l.

Á fundi 12. mars samþykkti háskólaráð meðfylgjandi umsögn sína um frumvarpið. Í henni eru ýmsar ábendingar sem ráðið vonar að komi menntamálanefnd að gagni í vandasömu starfi hennar.

Virðingarfyllst,

Sveinbjörn Björnsson  
rektor

Tillaga millifundarnefndar

að

UMSÖGN HÁSKÓLARÁÐS

um frumvarp að lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna

(samþykkt á fundi 12. mars 1992)

Háskólaráði hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem lagt var fyrir 115. löggjafarþing 1991.

I.

Háskólaráð leggur áherslu á að Lánasjóður íslenskra námsmanna verði áfram nógu öflugur til að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til háskólanáms. Ráðið leggur einnig áherslu á að endurgreiðslur á veittri aðstoð verði með viðráðanlegum kjörum.

Með því lagafrumvarpi sem nú liggur fyrir er að mörgu leyti séð fyrir þessum tveimur atriðum. Háskólaráð vill þó benda á þrennt:

- 1) Þær kröfur sem nú eru gerðar um námsframvindu hafa mótast á löngum tíma með hliðsjón af raunverulegum aðstæðum. Ráðið telur því ekki æskilegt að gera róttækar breytingar í þessu efni.
- 2) Ráðið mælir með því að áfram verði tekið tillit til tekna námsmanna þegar fjárhagsaðstoð er veitt. Að öðrum kosti getur veist erfitt að sinna þeim sem mest þurfa á aðstoð að halda.
- 3) Ráðið varpar fram þeirri spurningu hvort ekki sé rétt að einhver hluti ríkisframlagsins verði notaður í styrki, t.a.m. í framhaldsnámi eða til námsmanna í fögum þar sem skortur er á sérmenntuðu fólki.

II.

Athugasemdir varðandi einstakar greinar frumvarpsins:

- 1) Upphaf 3.gr.: Orðalag fyrstu mgr. er of óákveðið. Mælt er með óbreyttu orðalagi frá gildandi lögum.
- 2) Fyrsta málsgrein 4.gr. endi svo: ... "einn skv. tilnefningu fjármálaráðherra, einn skv. tilnefningu Háskóla Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar".

Háskólaráð bendir á að Háskóli Íslands er sá skóli þar sem stærsti stúdentahópurinn er ( rúml. fimm þúsund stúdentar). Eðlilegt verður að teljast að háskólayfirvöld eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins.